



# PÉSI

ATH!!Næsti Pési kemur út í mars.Efni þarf að berast í síðasta lagi 3. mars 2019

## Íbúafundur!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, þriðjudaginn 12. febrúar n.k. kl. 17:00-18:30.

Fundarefni verður:

**1. Breytingar á fyrirkomulagi sorpmála.**

**2. Leiðbeiningar um flokkun og meðferð sorps.**

Á fundinn mæta starfsmenn Íslenska Gámafélagsins og fara yfir flokkun sorps og svara spurningum um meðferð einstaka sorpflokka.

Íbúar, forsvarsmenn fyrirtækja og eigendur frístundahúsa eru hvattir til að mæta á fundinn og kynna sér fyrirhugaðar breytingar í sorpmálum.

Sveitarstjóri

### Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00



Febr 2019  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

29. árgangur.  
334.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp og Þorrinn genginn í garð og það má segja að í raun hafi raunveturinn næstum því runnið saman við upphaf Þorra. Það hafa því verið fallegir vetrardagar með frosti og að mestu fallegu veðri. Þetta frost hefur þýtt að það reynir á hitaveitur og eftir því sem ég best veit hafa veitur sveitarinnar skilað sínu með sóma. Það verður seint ofmælt hversu mikilvæg þessi auðlind okkar, heita vatnið, er og mikilvæg fyrir þau lífsgæði sem við teljum sjálfsögð. Við höfum a.m.k. ekki þurft að loka fyrir sundlaugina eða fara í aðrar skerðingar eins og sum sveitarfélög sitja uppi með. Til upplýsingar þá fór notkunin á heitu vatni hjá Hitaveitu Flúða hæst í 96 l/sek þegar mest lét.

Árlegt þorrablot kvenfélagsins var haldið um daginn og heppnaðist það vel. Gott framtak hjá þeim kvenfélagskonum sem í leiðinni styrkja gott málefni sem að þessu sinni var að hjálpa fjölskyldu í sveitinni. Hjónaballið er síðan á næstu grösum og nú verður það haldið annað árið í röð í íþróttahúsinu. Það kæmi mér verulega á óvart ef ekki yrði slegið þátttökumet þar sem aðstaðan í íþróttahúsinu er frábær fyrir slíkan viðburð. Þá á ég ekki von á öðru en hjónaballsnefndin lumi á ýmsum skemmtilegum staðreyndum sem spegla mannlífið í sveitinni á síðasta ári.

Nú eiga öll heimili í dreifbýlinu þess kost að tengjast ljósleiðara Hrunaljóss. Að mínu mati hefur tekist vel til með verkefnið og vonandi njótum við öll ávaxtanna af þessari byltingu. Við eigum þó eftir að klára styrkjamál o.fl vegna Fjarskiptasjóðs en það er bagalegt hvað það tekur langan tíma fyrir sjóðinn að finna út hvernig á að klára verkefnið en vonandi styttist í einhverjar fréttir af því. Þá vil ég aftur hvetja fólk til að tengjast ljósleiðaranum því það eru hagsmunir samfélagsins að Hrunaljós fái tekjur af afnotum af ljósleiðaranum í stað annarra fjarskiptafyrirtækja.

Nú er runninn upp tími sannleikans í úrgangsmálum en um miðjan janúar lokaði Sorpa á okkur með móttöku á sorpi. Þetta veldur okkur erfiðleikum og verður mikil áskorun að leysa úr því hvernig við tækjum þetta mál. Mikilvægast af öllu er að við flokkum allt í „drasl“. Nú er brúna tunnan komin við öll heimili og stofnanir og bláa tunnan er orðin endurvinnslutunna fyrir pappír, plast og minni málmhluti. Við þurfum líka að nýta flokkunarmöguleika Gámasvæðisins á Flúðum betur, taka málma frá og setja í járn-gáminn, nota glergáminn og aðra flokkunarmöguleika gámasvæðisins til hins ýtrasta.

Vil ég hvetja öll heimili að sérsafna gleri og koma setja það síðan í glergáminn upp á Gámsvæði. Það er allvegana mjög dýrt að flytja út gler til brennslu!!!!

Ef til útflutnings á sorpi kemur verðum við að taka allt lífrænt út og síðan mun sá kostur kosta mikla peninga. Sem dæmi hvernig flokkun skiptir máli er hægt að benda á að endurvinnsluúrgangur úr bláu tunnunni er ókeypiss, lífræni úrgangurinn kostar kannski 14-15 kr. á kg en sá úrgangur sem færi í brennslu myndi kosta kannski 35-40 kr. á kg. Það skiptir því geysilegu máli að flokka vel.

Þetta þýðir það líka að opnir gámar í sveitarfélaginu ganga ekki upp og þarf að fjarlægja þá í þeirri mynd sem þeir eru í dag en skoða þarf hvort hægt sé að mæta því með einhverju móti með minni grenndarstöðvum fyrir flokkaðan úrgang. Þá þarf að manna Gámasvæðið á Flúðum til að auka flokkun og það þýðir að það þarf örugglega að takmarka aðgengi fyrir akandi umferð verulega. Vil ég biðja fyrirtæki í sveitarfélaginu á að fara að huga að frekari flokkun án tafar og sérstaklega að sérflokka allan lífrænan úrgang. Það verður síðan haldinn íbúafundur þriðjudaginn 12. febrúar í Félagsheimilinu til að fara yfir þessa stöðu og veita upplýsingar um þá flokkun sem þarf að fara af stað.

Nú er deiliskipulag á landi sveitarfélagsins í Laxárhlið að klárast og sveitarstjórn búinn að taka ákvörðun um götuheiti á svæðinu. Niðurstaðan varð sú að göturnar heita Reynihlið, Víðihlið og Birkihlið. Það verður síðan spennandi að fara að huga að uppbyggingu á svæðinu þegar allt er orðið klárt í það.

Að lokum vil ég óska þeim Sigga og Fjólu í Birtingarholti til hamingju með kjörgripinn sinn, kúna Randaflugu, sem er afurðamesta kú landsins þessa stundina.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og góugleði.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## ***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími.***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

Hér koma niðurstöður frá fyrsta vetrarmóti Smára:

Fyrsta vetrarmótið okkar fór fram laugardaginn 2.febrúar.

Það var góð mæting og skemmtileg stemming 😊 Við hefðum samt viljað

sjá pollana okkar ! vonum að sjá þá næst ! 😊 Hér koma svo niðurstöður :  
Barnaflokkur:

1. Aron Mímir Einarsson og Tígulstjarna = 6,3

Unglingaflokkur:

1. Þorvaldur Logi Einarsson og Stjarni = 7,0

2. Sigrún Högna Tómasdóttir og Greifi = 6,8

3. Þórey Þula Helgadóttir og Gjálp = 6,5

4. Melkorka Gunnarsdóttir og Bassi = 6,0

5. Hjörtur Snær Halldórsson og Gjölf = 5,5

Áhugamannaflokkur

1. Berglind Ágústsdóttir og Ísar = 6,3

2. Kristín Ingimarsdóttir og Kopar = 6,0

3. Marie Louise og Óðinn = 5,8

4. Sigmundur Jóhannesson og Rák = 5,5

5. Maja Vilstrup og Vaka = 5,3

Opinn Flokkur:

1. Kristín Magnúsdóttir og Sandra = 8,0

2. Thelma Dögg Tómasdóttir og Bósi = 7,5

3. Þorgeir Ólafsson og Eindís = 7,0

4. Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Aría = 6,8

5. Hekla Salóme Magnúsdóttir og Karún = 6,5

Takk fyrir skemmtilegt mót

kveðja, Mótanefnd Smára ! 😊

ps. við minnum á annað vetrarmótið okkar en það er á

Hjónaballsdaginn 2 mars ! fylgist með 😊





### Kæru sveitungar

Miðvikudaginn 6.febrúar, klukkan 19.00, ætlum við í æskulýðsnefnd hestamannafélaganna Loga og Smára að fara aðeins yfir fjölbreytt starf okkar sem er framundan.

Anna Kristin reiðkennari ætlar að kynna reiðnámskeið sem fer fram í reiðhólinni á Flúðum síðdegis daganna:

11. Feb (Og 13.febr),  
25.febr (Og 27.febr),  
11.mars (Og 13.mars),  
25.mars (Og 27.mars),  
8.april (Og 10.april) og  
13.april (Og 14.april) sýning/lokaatriði

Mánudagarnir verða notaðir og ef aðsókn verður mjög mikil notum við þessa miðvikudaga líka. Hver nemandi mætir sex sinnum með hest og reiðtygi eftir að hafa skráð sig á netfangið [smarakrakkar@gmail.com](mailto:smarakrakkar@gmail.com)

Áætlað er að námskeiðagjald verði 10.000 kr á mann.

Æska Suðurlands er mótaröð sem verður kynnt á fundinum og dagssetningar móta eru 3.mars, 17.mars og 31.mars.

Við hvetjum sem flesta til að mæta á kynningarkvöldið, fá gott að borða í boði félaganna, fá upplýsingar um starfið í uppsveitunum eða bara til að hittast og/eða hlaupa og leika á reiðhallargólfinu.

Athugið að við erum dugleg að setja upplýsingar og svara spurningum á facebook síðum æskulýðsnefndanna "Logakrakkar!" og "Smáarakrakkar" og öllum velkomid að vera með þar og það eina sem þarf til að taka þátt í starfinu er áhugi.



SMÁRI

Aðalfundur Smára var haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudagskvöldið 27. janúar. Mætt var stjórn Smára, fundarstjóri var Jón Valgeirsson, en mæting félagsmanna var heldur döpur, aðeins sjö mættu. Hvort það var Þorablótspreyta eða Ófærð sem olli að fólk mætti ekki getum við ekki áttað okkur á. En fyrir svona aðalfund liggur heilmikil vinna og gaman hefði verið að sjá fleiri félagsmenn Smára mæta. Fundurinn var samt sem áður góður og var farið yfir helstu mál félagsins á liðnu ári. Hér verður einungis farið yfir helstu atriði en hægt verður að nálgast árskýrslu félagsins inn á heimasíðu Smára. Breyting varð á stjórn, þær Svanhildur Pétursdóttir og Aðalheiður Einarisdóttir stigu úr stjórn. En kjósa þurfti formann til eins árs og meðstjórnendur til tveggja ára. Sitjandi formaður gaf kost á sér til eins árs og voru ekki fleiri framboð í það sæti. Hulda Hrönn Stefánsdóttir mun halda áfram sem formaður til eins árs. Ragnheiður Hallgrímsdóttir kemur ný inn í stjórn og Jón Willam Bjarkason gaf einng kost á sér inn í Stjórn Smára. Þær Elín Moqvist og Rósa Birna Þorvaldsdóttir sitja áfram. Æskulýðsnefnd og Mótanefnd eru nánast óbreyttar, þessar nefndir eru komnar á fullt með þeirra starf. Munu þessar stjórnir hittast bráðlega og fara yfir starf ársins og skipa í þær nefndir sem eru eftir. Á fundinum var Hans Þór Hilmarssyni afhentur Blæsbíkarinn fyrir bestan árangur félagsmanns á árinu 2018, og óskum við honum til hamingju með titilinn. Ég ætla sérstaklega að þakka þeim Arnari og Berglindi á Landstólpa fyrir þeirra framlag til Gæðingamóts Landstólpa sem haldið var í sumar. Þetta mót er orðið hið glæsilegasta og þátttakan mjög góð, þau hafa hjálpað okkur síðustu tvö ár með veglegum styrkjum. An svona styrkja væri erfitt fyrir félagið að halda svona mikið og stórt mót. Árið fer vel á stað, Uppsveitadeildin er hafin og var fyrsta mótið vel sótt og hestakosturinn frábær. Fyrsta vetrarmótið var líka þann 2. febrúar og var mótið nokkuð vel sótt. Við hvetjum félagsmenn að vera virk með okkur í vetur og mæta á viðburði félagsins, að bakai öllu starfi sem nefndirnar eru að vinna að liggur heilmikil vinna. Við erum gamalt og gott félag og getum gert svo margt saman ef sem flestir eru virkir í starfi félagsins. Við minnum á facebook síðu félagsins og heimasíðuna okkar, en þar munum við birta það sem verður á dagskránni. Einnig í fréttabréfum hreppanna. Ef það eru einhverjar spurningar má hafa samband við okkur í stjórn eða senda á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is)

Við hlökkum til að starfa með ykkur á árinu, nú er sólin farin að hækka á lofti og skemmtilegir tímar framundan hjá okkur, sem stundum hestamennsku bæði okkur til skemmtunar og vinnu.

Með kærri þökk F.h stjórnar Smára Hulda Hrönn Stefánsdóttir

SMÁRI



## Námskeið.

Einkatímar hjá Rósu Birnu Þorvaldsdóttur. Boðið verður uppá einkatíma hálfmánaðarlega í reiðhöllinni á Flúðum í vetur. Þetta eru almennir reiðtímar þar sem lögð verður áhersla á góða reiðmennsku og skilvirkar ábendingar. Hver einkatími er 30 mínútur og bæði verður hægt að skrá sig í stakan tíma og á heilt námskeið. Námskeiðið byrjar 26. febrúar, síðan, 4. mars, - 19. mars, - 2. apríl, - 16. apríl og 30. apríl. Verð 5000 kr fyrir hálf tíma, skráning á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is). Kveðja stjórn Smára :)



SMÁRI



## Námskeið-pilates

Pilates fyrir knapa verður haldið í reiðhöllinni á Flúðum þriðjudaginn 5.mars kl 19.30. Tíminn er ein og hálf klst og eru gerðar æfingar í bland við umræðu. Námskeiðið kostar 4.000:- Kennari er Heiðrún Halldórsdóttir. Pilates fyrir knapa er sérhannað æfingakerfi til að bæta ásetu og auka skilning á stjórnun. Skilgreinir ásetu og útskýrir hvers vegna ásetu gallar eru og hvað hver og einn þarf að gera í sínum líkama til þess að laga eða bæta ásetu og stjórnun. Gerðar verða æfingar sem þátttakendur geta tekið með sér heim og æft. Æfingarnar hjálpa einnig til við verki í líkama, minnka þá eða að þeir hverfa með öllu. Það á ekki að mæta með hest og þar sem við erum sjálf að gera æfingarnar er gott að taka með handklæði eða dýnu. Hestamannafélagið býður upp á léttar veitingar eftir tímann. Skráning á [smari@smari.is](mailto:smari@smari.is) - Skráningu lýkur 3.mars

Allir velkomnir



SMÁRI



Rósa Birna verður með sýnikennslu þriðjudagskvöldið 13. febrúar í reiðhöllinni á Flúðum klukkan 20.00. Þar mun hún kynna sínar helstu áherslur í þjálfun hrossa. Hún mun mæta með tvö hross og sýna hvernig hún vinnur með þau. Allir velkomnir :) Aðgangseyrir er 1500 kr.

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

Minni á sameiginlegan deildafund, Sláturfélags Suðurlands, með Skeiða og Gnúpverjudeildum miðvikudaginn 27 febr. nk. í Árnesi, og hefst hann kl 20.30. Nánar auglýst þegar nær dregur.

Kv. Jóhanna deildarstjóri Hrunamannadeildar.



VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss  
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.  
Tímappantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðaþjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

**Samkaup** **strax**

Flúðum

Opnunartími Vetur 2019

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvítæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvítækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)

## Sumar vinna Samkaup Strax Flúðir

*Verzlunin Samkaup Strax Flúðum leitar að öflugum starfskrafti í almenn verslunarstörf sumarið 2019  
100% starf og aðra hvora helgi,  
Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum,  
sjálfstæð  
vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í  
hvívetna.*

*Umsóknir sendist á [fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is)  
Allar nánari upplýsingar veitir Agnes Böðvarsdóttir  
verslunarstjóri í síma 774-5437.*



Nú er búið að merkja seyrubílinn með merkjum allra sveitarfélaganna, sem aðild eiga að seyrusamstarfinu.



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### *Beint frá býli*

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



# Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



## Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

### Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalat með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

### Eftirréttir

Sveppáis	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturmar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á [booking@farmersbistor.is](mailto:booking@farmersbistor.is) og s. 519-0808

 farmersbistro, farmersbistro.is



## Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 2019

verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudaginn  
20. febrúar kl. 20.30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Skýrsla stjórnar, reikningar og árgjald.
3. Kosningar og kaffi.
4. Anna Sigríður Valdimarsdóttir hjá Landgræðslu ríkisins flytur erindi um kortlagningu gróðurfars í Gullfossgirðingu.
5. Sigurður H. Magnússon flytur erindi um starf félagsins 2018. Önnur mál.

Allir eru velkomnir og þurfa ekki að vera félagar. Hvetjum alla til að mæta og hlusta á fróðleg erindi.

Stjórnin: Esther, Sigurður H., Samúel U., Páll, Benedikt.



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA**

**JENS PÉTUR JÓHANSSON**  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.**

**RÓBERT EINAR JENSSON**  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Frá Félagi eldri Hrunamanna

Margrét Sæberg frá netversluninni Logy kemur í kjallarann á Heimalandi þriðjudaginn 19. febrúar. Hún verður með kvenfatnað til sölu og eitthvað af herrafatnaði á góðu verði.

### Opið hús

Opið hús verður í Félagsheimilinu miðvikudaginn 20. febrúar kl. 14.

Spiluð verður félagsvist og verðlaun veitt í lokin.

Að vanda verður Kvenfélagið með kaffisölu.

Systkinin Gunna og Svenni frá Hrafnkelsstöðum sjá um dagskrána.

Stjórnin



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Minum á að Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu.

Rafbókafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni [www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is). Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Munið skilalúguna! Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku. Verið hjartanlega velkomin ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook





## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf




Föstud. 15. febrúar 2019  
**Tónleikar/Uppistand  
Eyþór Ingi**

*Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimagert konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.*

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00  
kr. 3.500.**

*Barinn opinn til kl. 01:00*



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir  
Bókið miða á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is) eða í síma 519-0808

## Uppsveitadeildin.

Ragnhildur kom sá og sigraði.

Uppsveitadeildin 2019 hófst í Reiðhöllinni á Flúðum þann 1. febrúar, með skemmtilegri keppni í fjórgangi þar sem Ragnhildur Haraldsdóttir, kom sá og sigraði. Hún vann sig upp úr B úrslitum og alla leið í sigursæti A úrslita. Vel gert hjá henni og Kóngi frá Korpu.

Það var nokkur eftirvænting hjá mótshöldurum Uppsveitadeildarinnar þetta árið þegar blásið var til keppni í fjórgangi þann 1. febrúar. Það var greinilegt að fleiri höfðu hlakkað til keppinnar því húsfyllir varð, þrátt fyrir frostkalt kvöld.

Síðastliðið haust voru gerðar nokkrar breytingar á fyrirkomulagi keppinnar, eftir samræður við hestamannafélögin og keppendur. Ein helsta nýlundan var að opna keppnina fyrir knöpum úr öðrum félögum en Loga, Smára og Trausta, þó félagar þeirra hafi haft forgang um skráningu.

Það eru 35 knapar skráðir til leiks í ár, 20 konur og 15 karlar úr 10 hestamannafélögum. Eins og áður eru 7 lið sem keppa og 3 knapar úr hverju liði taka þátt í keppni kvöldsins.

Það var því fjölbreyttur hópur nýrra og reyndra keppenda í Uppsveitadeildinni sem hófu leikinn í fjórgangi. Áhorfendum varð fljótt ljóst að framundan væri skemmtileg keppni með afbragðs hrossum og góðum knöpum.

Forkeppnin var jöfn og spennandi. Sex knapar náðu inn í B úrslit, þrír með einkunnina 6,27. Það voru þeir Benjamín Sandur Ingólfsson og Leynir frá Fosshólum, Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Koltinna frá Varmalæk og Þorgils Kári Sigurðsson og Fákur frá Kaldbak. Þær Thelma Dögg Tómasdóttir og Marta frá Húsavík og Ragnhildur Haraldsdóttir á Kóngi frá Korpu komu jafnar þar á eftir með einkunnina 6,37. Efstur inn í B úrslitin urðu þeir Sólon Morthens og Fjalar frá Efri Brú með 6,4 í einkunn.

Fjórir knapar skipuðu A úrslit eftir jafna forkeppni. Birgitta Bjarnadóttir og Sveinsson frá Skíðbakka 1A fengu 6,5 í einkunn, Daníel Larsen og Arthúr frá Baldurshaga nældu sér í 6,6 á meðan Brynja Amble Gísladóttir og Goði frá

Eftir hlé hófust B úrslitin þar sem sex knapar kepptu um hið eftirsóttu sæti í A úrslitum. Keppnin var jöfn og sáust góð tilþrif hjá knöpum og hestum, en einnig hnökrar sem kostuðu sitt í svona jafnri keppni. Þeir Þorgils Kári og Fákur enduðu í 10. sæti með einkunnina 5,87. Jafnir í 8. - 9. sæti urðu þeir Benjamín Sandur og Leynir og Sólon og Fjalar með 6.10. Í 7. sæti urðu þær Ásdís Ósk og Koltinna með 6,4 og Thelma Dögg og Marta hrepptu 6. sætið með 6.57 í lokaeinkunn. En það var fljótlega ljóst að þeim Ragnhildi og Kóngi hafði vaxið ásmegin í forkeppninni og komu vel heit inn í B úrslitin sem þau sigruðu með glæsibrag. Lokaeinkunn þeirra var 7,0 og sæti í A úrslitum tryggt.

Eftir hæfilegt hlé var komið að stóru stundinni. A úrslit voru hafin. Hér voru þau Ragnhildur og Kóngur í essinu sínu, greinilega ekki búin að fá nóg. Keppnin var jöfn og spennandi sem yljaði áhorfendum um hjarta. Góð tilþrif mátti sjá í hverri gangtegund, en einnig kom í ljós að spennustigið var hátt. Keppnin um efsta stæðið var hörkuspennandi og jöfn. Í lokin varð ljóst að í 5. sæti enduðu þeir Daníel og Arthúr með einkunnina 5,93. Næst í 4. sæti urðu þau Birgitta og Sveinsson með 6,53 í einkunn. Þrír efstu knaparnir enduðu með 7 og hærra í lokaeinkunn. Rósa Birna og Frár hlutu þriðja sætið með 7,0 í einkunn, Brynja og Goði enduðu í öðru sæti með einkunnina 7,03. En þau Ragnhildur og Kóngur gerðu sér lítið fyrir og fóru alla leið úr B úrslitum upp í fyrsta sæti. Þau fengu í lokaeinkunn 7,13. Vel gert hjá þeim.

Áhorfendur héldu svo heim á leið eftir skemmtilegt kvöld með flottum sýningum og spennandi keppni. Næsta keppni í Uppsveitadeildinni 2019 verður haldin föstudaginn, 22. febrúar, en þá verður keppt í fimmgangi.





# Annað vetrarmót Smára



verður haldið laugardaginn 2. mars næstkomandi í Torfdal á Flúðum.

Tveir eða fleiri inná í einu, riðið eftir þul og dómara gefa tölur.

Líkt og í fyrra ætlum við að hafa opinn flokk opinn öllum.

Gestir eru einnig velkomnir en þeir greiða 500 kr meira í skráningargjald. Einnig ætlum við að leyfa unglingum og ungmönnum að skrá sig í opinn flokk ef þau vilja.

Við ætlum að veita verðlaun í lok dags.

Pollastundin okkar verður á staðnum.

Hún byrjar 12:30 og verður inni í reiðhöllinni.

Skráning hefst klukkan 12:00 og mótið hefst klukkan 13:00

Hestur þarf ekki að vera í eigu Smárafélaga til þess að mega taka þátt. Við hvetjum alla okkar Smáramenn að mæta og hafa gaman saman á öðru

vetrarmótinu okkar ☺

ATH! posi ekki á staðnum

Mótanefnd áskilur sér þann rétt að færa mótið inn í reiðhöll ef illa viðrar.

Flokkarnir eru:

Pollaflokkur (Þrautabraut inn í reiðhöll)

Barnaflokkur

Unglingaflokkur

Ungmennaflokkur

Áhugamannaflokkur

Opinn flokkur (Opinn öllum)

PS: Við viljum minna á síðasta vetrarmótið 6.apríl !

Fylgist með á Facebooksíðu Smára



# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



## Hversdagsmessa og messa unga fólksins eru framundan!

Ágætu sveitingar. Vegna veðurs urðum við að fresta dægurlagamessu sem vera átti sunnudagskvöldið 20. janúar sl. **En nú er ákveðið að dægurlagamessan verði haldin fimmtudagskvöldið 14. febrúar nk. kl. 20:30 í**

**Hrunakirkju.** Þetta verður því eiginleg **hversdagsmessa** sem vonandi laðar sem flesta að. Í hversdagsmessunni mun kórinn flytja þekkt dægurlög úr sjóði Magnúsar Þórs Sigmundssonar við undirleik frá bandi hússins. Stjórnandi söngs og tónlistar er Stefán Þorleifsson. Fluttar verða stuttar hugvekjur og bænir á milli tónlistarflutnings. **Sunnudaginn 17. febrúar nk. kl. 11 verður síðan messa unga fólksins haldin í Hrunakirkju.** Þar munu unglíngarnir okkar leiða messgjörðina frá upphafi til enda, í tali og tónum. Sýnd verður stuttmynd, fluttar stuttar ræður og bænir og tónlistarfólk úr Tónsmiðjunni leiðir söng og tóna í athöfninni. Eitthvað sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!

Þá er gaman að segja frá því að á þessu misseri eru djáknanemi og guðfræðinemi í starfsnámi hjá sóknarpresti. Þetta eru þau Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir í Áshlíð og Dagur Fannar Magnússon frá Selfossi. Þau munu koma töluvert við sögu í helgihaldi og kirkjustarfi fram á vorið og þá mun Dagur Fannar predika og aðstoða við messugjörðina þann 10. febrúar, bæði í Stóra-Núpskirkju og í Hrepphólakirkju. Jóna Heiðdís verður svo til aðstoðar í messunum 24. mars og mun m.a. predika í messunni sem þá verður í Ólafsvallakirkju.

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins [hruni.is](http://hruni.is) og fésbókarslóðina; [facebook.com/hrunaprestakall](https://facebook.com/hrunaprestakall). Helgihaldið næstu vikurnar er þá eftirfarandi:

**10. feb.:** *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *messa* í Hrepphólakirkju kl. 14.

**17. feb.:** *Messa unga fólksins* í Hrunakirkju kl. 11.

—  
**10. mars:** *Messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Með blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

sóknarprestur



## KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Við opnum aftur eftir vetrarfrí frá og með 18. janúar n.k.

Opnunartímar í janúar og febrúar:

**Föstudaga til sunnudaga frá kl. 18.00 - 21.30**


Opening hours in January and February:

**Fridays – Sundays, from 18.00 – 21.30**

Verið velkomin!

<http://kaffisel.is>      Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)



# Hjónaball Hrunamanna 2019

Laugardaginn 2.mars í Íþróttahúsinu á Flúðum

SKEMMTUNIN HEFST STUNDVÍSLEGA KL. 20.30

HÚSIÐ OPNAR KL. 19:30

HLJÓMSVEITIN STUÐLABANDIÐ LEIKUR FYRIR DANSI

MÖMMUMATUR Á SELFOSSI SÉR UM VEITINGAR

FORRÉTTA- OG STEIKARHLAÐBORÐ, KAFFI OG KRUBÆRI

*Panta þarf miða í síðasta lagi föstudaginn 22. febrúar*

*Miðaverð: 9.800kr*

Margrét og Páll	893 6562	nupstun@simnet.is
Magga og Alli	898 0041	hrafnkelsstadir@simnet.is
Halldóra og Steini	892 1276	halldora@fludir.is
Jenný og Palli	861 8449	almasig@simnet.is
Jóhanna Bríet og Atli	846 7003	johannabriet@hotmail.com
Katrín og Egill	697 6726	katrinth88@gmail.com
Ásta Rún og Ómar	848 8576	kristomar@internet.is
Ingibjörg og Kristján	862 8315	imma63@simnet.is

*Fólk er beðið að sameinast um 8, 10 eða 12 manna borð og gefa upp nöfn borðfélaga.*

*Greiða þarf miðana í síðasta lagi mánudaginn 25. febrúar inn á reikning:*

*Banki 0325-26-700535 kt: 640169-2309 og senda kvittun á [hjonaballhrunamanna.2019@gmail.com](mailto:hjonaballhrunamanna.2019@gmail.com) og gefa upp nöfn þeirra sem verð er að greiða fyrir, í skýringu.*

**Ef einhver jir hafa ekki aðgang að netbanka þá er velkomid að hafa samband við einhvern í nefndinni.**

**Takid daginn frá og við hlökkum til að sjá ykkur á Hjónaballinu - allir velkomir!**

**Hjónaballsnefndin 2019**